

Rarik ohf.

Ársreikningur 2008

Rarik ohf.
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík
Kt. 520269-2669

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar	3	Eiginfjáryfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

RARIK ohf. var stofnað þann 1. ágúst 2006 og tók félagið við rekstri og eignum Rafmangsvetna ríkisins. RARIK annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Á árinu 2007 tók til starfa dótturfélagið Orkusalan ehf sem sér um framleiðslu og sölu rafmagns og á árinu 2008 var RARIK Orkuþróun ehf stofnað og er tilgangur þess félags að vinna að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa hér á landi og erlendis.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning RARIK ohf og dótturfyrirtækja.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur félagsins 7.830 milljónir króna og rekstrargjöld 6.851 milljón króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 979 milljónir króna. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 5.645 milljónir króna og áhrif hlutdeildarfélags neikvæð um 2.877 milljónir króna. Tap á árinu 2008 nam því 7.232 milljónum króna að teknu tilliti til tekjuskatts.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi voru 31.923 milljónir króna í árslok. Eigið fé félagsins var 13.942 milljónir króna. Eiginfjárlutfall er 43,7%.

Stjórn félagsins ákvað að nýta sér heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 og endurmeta rekstrarfjármuni dreifiveitunnar. Fundið var nýtingarvirði rekstrarfjármunanna í árslok 2008 og gangverð þeirra metið í samræmi við það. Við endurmatið hækkar eigið fé félagsins um 3.018 milljónir króna að teknu tilliti til tekjuskatts. Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélagsins Landsnets hf hækkar eigið fé RARIK um 3.392 milljónir króna. Nánar er fjallað um þessar breytingar í eiginfjárfirliti og skýringum.

Hlutfé félagsins er 5.000 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2009

Í stjórn Rarik ohf

Hilmar Gunnlaugsson
formaður

Árni Steinar Jóhannsson

Berglind Hallgrímsdóttir

Ingibjörg Sigmundsdóttir

Valdimar Guðmannsson

Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Rarik ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 6. mars 2009

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur			
Raforkusala		2.833.110	2.763.156
Dreifing raforku		3.844.647	3.357.616
Sala á heitu vatni		329.077	258.422
Aðrar tekjur	7	822.686	1.057.132
		7.829.520	7.436.326
Rekstrargjöld			
Orkukaup		2.199.146	2.569.144
Rekstur veitukerfa		3.331.048	3.041.903
Annar rekstrarkostnaður	8	1.320.373	1.336.357
		6.850.567	6.947.404
Rekstrarhagnaður		978.953	488.922
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		38.692	36.859
Fjármagnsgjöld	(4.834.185)	(509.484)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(849.455)	(71.267)
	11	(5.644.948)	(543.892)
Áhrif hlutdeildarfélags	14	(2.876.698)	(178.006)
Tap fyrir skatta		(7.542.693)	(232.976)
Tekjuskattur	12	310.485	41.938
Tap ársins		(7.232.208)	(191.038)
Skipting taps			
Eigendur móðurfélags	(7.231.884)	(191.114)
Minnihluti í dótturfélögum	(324)	76
		(7.232.208)	(191.038)
Tap á hlut			
Grunntap og þynnt tap á hlut	21	(1,45)	(0,04)

Skýringar á bls. 10 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	26.756.291	21.710.841
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	1.637.550	1.122.473
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	198.628	153.953
Tekjuskattseign	16	1.282.321	1.477.191
Fastafjármunir samtals		29.874.790	24.464.458
Birgðir	17	546.449	552.162
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	1.418.965	1.332.316
Handbært fé	19	83.064	93.429
Veltufjármunir samtals		2.048.478	1.977.907
Eignir samtals		31.923.268	26.442.365
Eigið fé			
Hlutafé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		9.565.330	9.565.330
Endurmatsreikningur		7.177.551	740.225
Ójafnað eigið fé		(7.804.497)	(572.613)
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		13.938.384	14.732.942
Hlutdeild minnihluta		3.342	3.666
Eigið fé samtals	20	13.941.726	14.736.608
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	22	8.983.934	6.323.722
Skuldbinding vegna niðurrifs	23	530.289	522.651
Afleiðusamningar		920.722	71.267
Langtímaskuldir samtals		10.434.945	6.917.640
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	22	4.495.076	1.830.020
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	2.013.158	2.399.103
Afborganir langtímaskulda á næsta ári	22	1.038.363	558.994
Skammtímaskuldir samtals		7.546.597	4.788.117
Skuldir samtals		17.981.542	11.705.757
Eigið fé og skuldir samtals		31.923.268	26.442.365

Skýringar á bls. 10 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Eiginfjáryfirlit árið 2008

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minnihluti	Samtals eigið fé
1. janúar til 31. desember 2007							
Eigið fé 1. janúar 2007	5.000.000	9.565.330	0	(381.499)	14.183.831	0	14.183.831
Flutt inn í samstæðu					0	3.590	3.590
Endurmat fastafjármuna			902.714		902.714		902.714
Tekjuskattur af endurmati			(162.489)		(162.489)		(162.489)
Tap ársins			(191.114)	(191.114)		76	(191.038)
Heildarhagnaður tímabilsins			740.225	(191.114)	549.111	76	549.187
Eigið fé 31. desember 2007	5.000.000	9.565.330	740.225	(572.613)	14.732.942	3.666	14.736.608

1. janúar til 31. desember 2008

Eigið fé 1. janúar 2008	5.000.000	9.565.330	740.225	(572.613)	14.732.942	3.666	14.736.608
Endurmat fastafjármuna			3.550.906		3.550.906		3.550.906
Tekjuskattur af endurmati			(532.636)		(532.636)		(532.636)
Áhrif breytingar skatthlutfalls			27.281	0	27.281		27.281
Hlutdeild í endurmati							0
hlutdeildarfélag			3.391.775		3.391.775		3.391.775
Tap ársins			(7.231.884)	(7.231.884)		(324)	(7.232.208)
Heildarhagnaður ársins			6.437.326	(7.231.884)	(794.558)	(324)	(794.882)
Eigið fé 31. desember 2008	5.000.000	9.565.330	7.177.551	(7.804.497)	13.938.384	3.342	13.941.726

Skýringar á bls. 10 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	(7.232.208)	(191.038)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap eigna		147	2.769
Breyting niðurrifsskuldbindingar		7.638	11.651
Afskriftir		905.473	837.215
Áhrif hlutdeildarfélagas		2.876.698	178.006
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		4.795.487	478.264
Skatteign	(310.485)	(41.938)
Afleiðusamningur		849.455	71.267
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.892.205	1.346.196
Birgðir, lækkun (hækkun)		5.713	(85.304)
Skammtímakröfur, hækkun	(212.835)	(100.317)
Skammtímaskuldir, hækkun		308.359	321.578
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.993.442	1.482.153
Innheimtar vaxtatekjur		56.871	36.859
Greidd vaxtagjöld	(900.791)	(634.025)
Handbært fé frá rekstri		1.149.522	884.987
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(2.404.162)	(3.208.364)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé		0	(17.276)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.683	5.524
Fjárfesting í öðrum félögum	(44.675)	(48.897)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.445.154)	(3.269.013)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekið bankalán		2.000.000	0
Tekin ný langtímalán		0	2.687.154
Afborganir langtímalána	(714.733)	(288.038)
Fjármögnunarhreyfingar		1.285.267	2.399.116
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(10.365)	15.090
Handbært fé í ársbyrjun		93.429	78.339
Handbært fé í lok ársins		83.064	93.429

Skýringar á bls. 10 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Efnisyfirlit skýringa

	bls.		bls.
1. Félagið	10	15. Önnur félög	27
2. Grundvöllur reikningsskilanna	10	16. Tekjuskattseign	28
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	11	17. Birgðir	29
4. Ákvörðun gangvirðis	19	18. Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	29
5. Stýring fjármálalegrar áhættu	20	19. Handbært fé	29
6. Starfspáttayfirlit	22	20. Eigið fé	29
7. Aðrar tekjur	23	21. Tap á hlut	29
8. Annar rekstrarkostnaður	23	22. Vaxtaberandi skuldir	30
9. Laun og launatengd gjöld	23	23. Skuldbinding vegna niðurrifs	31
10. Afskriftir	24	24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	31
11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	24	25. Fjármálagerningar	31
12. Tekjuskattur	25	26. Tengdir aðilar	35
13. Rekstrarfjármunir	26	27. Fyrirtæki í samstæðunni	35
14. Hlutdeildarfélög	27		

Skýringar

1. Félagið

Rarik ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2008 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess (sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 9. mars 2009.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiður og fjármálagerningar eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, jafnframt er hluti rekstrarfjármuna félagsins metinn á gangvirði. (fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4).

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3d (i) - rekstrarfjármunir (vegna endurmats virkjana)

- Skýring nr. 23 - Skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

a) *Grundvöllur samstæðu*

(i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) *Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings*

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð árs hlutareiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þessara félaga í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

(iii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

b) *Erlendir gjaldmiðlar*

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c) *Fjármálagerningar*

(i) *Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3(j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádraginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) *Afleiðusamningar*

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

(iii) *Hlutfé*

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d) *Rekstrarfjármunir*

(i) *Færsla og mat*

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmum.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna, telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Engar færslur eiga sér stað af sérstaka endurmatsreikningnum yfir á óráðstafað eigið fé nema þegar viðkomandi eign er seld eða niðurlögð.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-50 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi.

e) *Birgðir*

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstigi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f) *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

g) *Hlunnindi starfsmanna*

(i) *Iðgjaldatengd lífeyriskerfi*

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

h) *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

i) *Tekjur*

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

j) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

k) *Tekjuskattur*

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörsegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

l) *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

m) *Starfsþáttayfirlit*

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst annaðhvort við að útvega einstaka vöru eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða við að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er hann háður áhættuþáttum og afkomu sem eru ólík því sem fylgir öðrum starfsþáttum. Aðalstarfsþáttur samstæðunnar byggir á rekstrarstarfsþáttum. Félagið birtir ekki starfsþáttayfirlit eftir landsvæðum þar sem starfsemi félagsins er eingöngu á Íslandi.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skýnsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

p) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

(i) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa verið innleiddir á árinu 2008

IFRIC 11 IFRS 2 - Viðskipti með eigin hluti í samstæðu og IFRIC 14 IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra tóku gildi á árinu 2008 en höfðu ekki áhrif á ársreikning samstæðunnar.

(ii) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddir

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2008 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings:

IFRS 8 *Starfsþættir*. Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast lykilstjórnendum samstæðunnar. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstarfsþætti. Ekki verður talið að umræddur staðall muni hafa áhrif á framsetningu starfsþátta samstæðunnar.

Í endurbættum IAS 1 *Framsetning reikningsskila (2007)* er kynnt hugtakið heildarafkoma, sem samanstendur af breytingum á eigin fé, öðrum en breytinum á eigin fé vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda. Heildarafkomu er heimilt að setja fram í einu yfirliti um heildarafkomu (sem samanstendur af rekstrarreikningi og öllum hreyfingum á eigin fé öðrum en vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda), eða í tveimur yfirlitum (þ.e. annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkomu). Endurbættur IAS 1 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega hafa veruleg áhrif á framsetningu samstæðureikningsins. Er ráðgert að setja yfirlit um heildarafkomu fram í einu yfirliti.

Í endurbættum IAS 23 *Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hennar. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar og mun innleiðing hans því ekki hafa nein áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2009.

Endurbættur IFRS 3 *Sameiningar fyrirtækja (2008)* innleiðir eftirfarandi breytinga sem munu líklega hafa áhrif á rekstur samstæðunnar:

- Skilgreiningin á rekstri hefur verið útvíkkuð, sem mun líklega leiða til þess að fleiri kaup verði skilgreind sem sameining fyrirtækja.
- Skilyrtar greiðslur verða metnar á gangvirði og síðari breytingar þeirra færðar í rekstrarreikning.
- Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tilheyrir útgáfu verðbréfa, verður gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Þeir hlutir sem fjárfestir á áður en hann öðlast yfirráð eru metnir á gangvirði á yfirtökudegi og hagnaður eða tap færður í rekstrarreikning.
- Hlutdeild minnihluta verður metin annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í aðgreinanlegum eigum og skuldum yfirtekens rekstrar, miðað við hver kaup fyrir sig.

Endurbættur IFRS 3 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Beita skal staðlinum á viðskipti sem eiga sér stað eftir gildistöku hans og hefur innleiðing hans því engin áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar.

Í endurbættum IAS 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (2008)* er gerð krafa um að færa áhrif af breyttri eignarhlutdeild í dótturfélagi, sem felur ekki í sér breytingu á yfiráðum, sem eiginfjárbreytingu. Þegar samstæðan missir yfiráð yfir dótturfélag er hluturinn sem eftir verður í eigu samstæðunnar metinn á gangvirði og hagnað eða tap fært í rekstrarreikning. Endurbættur IAS 27 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

Í endurbættum IFRS 2 *Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnsluskilyrði og ógilding (2008)* er hugtakið ávinnsluskilyrði skilgreint nánar og kynnt hugtak um önnur skilyrði sem teljast ekki vera ávinnsluskilyrði (e. non-vesting conditions). Gerð er krafa um að þau skilyrði sem ekki teljast ávinnsluskilyrði séu einnig hluti af gangvirði á sammingsdegi. Þá koma fram reglur um reikningsskilalega meðferð skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskilyrði og um ógildingum samninga um eignarhlutatengdar greiðslur. Verði endurbættur IFRS 2 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Í endurbættum IAS 32 *Fjármálagerningar: framsetning og IAS 1 Framsetning reikningsskila* – innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar sem verða til við slit er gerð sú krafa, að innleysanlegir fjármálagerningar og gerningar sem skylda einingu til að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan hlut í hreinum eignum einingar eingöngu við slit séu flokkuð sem eigið fé, að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Sem lið í fyrsta árlega endurbótarkerfi, gerði Alþjóðlega reikningsskilaráðið tilteknar breytingar á reikningsskilastöðlum. Gildistaka breytinganna er ólík á milli staðla en flestar gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 verði þær samþykktar af Evrópusambandinu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 13 *Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem starfrækja, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta nýtt inneign sína með því að fá ókeypis eða með afslátt vörur eða þjónustu. Verði IFRIC 13 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á

IFRIC 15 *Samningar um byggingu fasteigna* gildir um skráningu tekna og tilheyrandi gjalda hjá einingum sem ráðast sjálf í byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Verði IFRIC 15 samþykkt af Evrópusambandinu gildir túlkunin um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 en ekki er talið að hún hafi nein áhrif á samstæðureikninginn.

Í IFRIC 16 *Áhættuvarnir vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi* er eftirfarandi skýrt nánar:

- áhættuvarnarreikningsskil vegna nettó fjárfestingar er eingöngu hægt að beita á gjaldmiðlagengismun sem myndast á milli starfrækslugjaldmiðils erlendu starfseminnar og starfrækslugjaldmiðli móðurfélagsins og eingöngu að því marki sem nemur nettó eignum erlendu starfseminnar
- áhættuvarnargerningnum getur verið haldið í hvaða einingu sem er innan samstæðunnar að undanskildri þeirri starfsemi sem verið er að verja
- við ráðstöfun á áhættuvarðri starfsemi skal færa í rekstrarreikning uppsafnaðan hagnað eða tap af virka hluta áhættuvarnarinnar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Túlkunin heimilar þeim einingum sem semja samstæðureikningsskil fyrir undirsamstæður sínar með því að beita samstæðureikningsskilum í skrefum að velja milli þess hvort, við ráðstöfun á starfsemi, uppsafnaður þýðingarmunur sé færður í rekstrarreikning með sama hætti eins og aðferðinni um bein samstæðureikningsskil hafi alltaf verið beitt. Verði IFRIC 16 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með framvirkri beitingu. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Í IFRIC 17 *Úthlutun eigna til eigenda*, öðrum en reiðufé eru veittar leiðbeiningar um skráningu, mat og uppgjör á skuldum vegna úthlutunar eigna til eigenda, sem ekki er í formi reiðufjár. Verði IFRIC 17 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Ein túlkun, IFRIC 12 *Samningar þjónustuúvilnun*, tók gildi fyrir árið 2008 en hefur ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings vegna þess að Evrópusambandið hefur ekki ennþá samþykkt hana. IFRIC 12 inniheldur leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 samþykkt af Evrópusambandinu mun innleiðing hennar væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir. Gangvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar sem einnig hafa sætt sérstöku endurmati er ákveðið í samræmi við nýtingarvirði rekstrarfjármunanna. Dreifiveitunni eru sett ákveðin tekjumörk sbr. skýringu nr. 5 hér á eftir. Ákveðið er að hagnaður fyrir fjármagnskostnað og skatta skuli reiknast sem tiltekin ávöxtun á bókfært verð þeirra rekstrarfjármuna sem nauðsynlegir eru til að reka dreifiveituna. Jafnframt er ákveðið að arðsemishlutfallið svari til markaðsvaxta. Það mat á rekstrarfjármunum sem þessir útreikningar byggjast á endurspegla því raunverulegt verðmæti þeirra þ.e nýtingarvirði þeirra og er gangverð rekstrarfjármuna dreifiveitunnar ákveðið í samræmi við það.

b. *Fjárfestingar í hlutabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörsdagi.

c. *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

d. *Afleiður*

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðsluflæði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

Yfirlit

Fjármálagerningum félagsins fylgir eftirfarandi áhætta:

Lánsáhætta
Lausafjáraáhætta
Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalega áhættu félagsins, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið félagsins er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því sækir stjórnin ráðgjöf bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnotendur. Dreifing viðskiptakrafna er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild félagsins vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Félagið hefur samið um yfirdráttarheimildir hjá viðskiptabanka sínum Nýja Landsbanka Íslands hf. NBI.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hætta á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í þeim gjaldmiðli. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu en metur reglulega myntsamsetningu skulda á móti gengisvog íslensku krónunnar.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönskum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánum í íslenskum krónum.

Á árinu 2007 gerði félagið afleiðutengdan vaxtaskiptasamning til þriggja ára, svissneska franka (CHF) og evrur (EUR) á móti íslenskum krónum (ISK).

Vaxtaáhætta

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárlutfall.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Sú arðsemi er helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára. Við ákvörðun tekjumarka er litið framhjá fjármagnsliðum. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.

Skýringar, frh.

6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. .

Rekstrarstarfsþættir

	Orkudreifing	Orkusala	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Árið 2008					
Tekjur frá viðskiptamönnum	3.640.182	2.833.110	1.356.228		7.829.520
Innri sala	59.020	265	119.836	(179.121)	0
Tekjur samtals	3.699.202	2.833.375	1.476.064	(179.121)	7.829.520
Rekstrarafkoma starfspátta	462.007	449.371	67.575		978.953
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals					(5.644.948)
Áhrif hlutdeildarféлага					(2.876.698)
Tekjuskattur					310.485
Tap ársins					(7.232.208)
Eignir starfspátta	19.724.894	5.752.250	1.279.147		26.756.291
Óskiptar eignir					4.637.195
Eignir samtals	19.724.894	5.752.250	1.279.147		31.393.486
Óskiptar skuldir					17.981.542
Fjárfestingar	2.292.199	33.874	122.764		2.448.837
Afskriftir	726.088	103.203	76.202		905.493
Árið 2007					
Tekjur frá viðskiptamönnum	3.357.616	2.763.156	1.315.554		7.436.326
Innri sala	52.216	0	145.208	(197.424)	0
Tekjur samtals	3.409.832	2.763.156	1.460.762	(197.424)	7.436.326
Rekstrarafkoma starfspátta	379.169	54.287	55.465		488.921
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals					(543.892)
Áhrif hlutdeildarféлага					(178.006)
Tekjuskattur					41.938
Tap ársins					(191.039)
Eignir starfspátta	14.913.882	5.829.708	967.250		21.710.840
Óskiptar eignir					4.731.525
Eignir samtals					26.442.365
Óskiptar skuldir					11.705.758
Fjárfestingar	1.839.848	1.460.868	94.519		3.395.235
Afskriftir	685.645	47.725	103.845		837.215

Skýringar, frh.:

7. Aðrar tekjur

<i>Aðrar tekjur greinast þannig:</i>	2008	2007
Tengigjöld	264.861	329.131
Seld þjónusta	557.825	728.001
Aðrar tekjur samtals	822.686	1.057.132

8. Annar rekstrarkostnaður

<i>Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:</i>	2008	2007
Annar rekstrarkostnaður Þróunarsviðs	38.605	134.516
Annar rekstrarkostnaður viðskiptasviðs	234.519	220.849
Annar rekstrarkostnaður fjármálasviðs	238.245	243.235
Annar rekstrarkostnaður Orkusölu	532.652	406.965
Sameiginlegur kostnaður	276.352	330.792
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.320.373	1.336.357

9. Laun og launatengd gjöld

<i>Laun og launatengd gjöld greinast þannig:</i>	2008	2007
Laun	1.439.014	1.331.974
Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa	156.718	106.558
Önnur launatengd gjöld	173.959	169.870
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	1.769.691	1.608.402

Laun skiptast þannig á rekstrarreikningi:

Rekstur veitukerfa	429.383	345.731
Orkuframleiðsla og sala	107.481	39.939
Önnur starfsemi	1.232.827	1.232.983
Laun og launatengd gjöld samtals	1.769.691	1.618.653
Ársverk	222	226

Laun stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.:

Laun stjórnna	9	5
Laun forstjóra	18	16
Laun framkvæmdastjóra	68	41

Skýringar, frh.:

10. Afskriftir

<i>Afskriftir greinast þannig:</i>	2008	2007
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 14. skýringu	905.473	837.215
<i>Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:</i>		
Rekstur veitukerfa	729.849	685.645
Orkuframleiðsla og sala	103.203	47.651
Önnur starfsemi	72.421	103.919
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	905.473	837.215

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:</i>	2008	2007
Vaxtatekjur	38.692	36.859
Fjármunatekjur samtals	38.692	36.859
Vaxtagjöld	(900.791)	(677.554)
Gengismunur, verðbætur	(3.933.394)	(15.030)
Eignfærður fjármagnskostnaður	0	183.100
Fjármagnsgjöld samtals	(4.834.185)	(509.484)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(849.455)	(71.267)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(5.644.948)	(543.892)

Skýringar, frh.:

12. Tekjuskattur 2008 2007

Frestaður tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Reiknaður skattur ársins	699.899	41.938
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls úr 18% í 15%	(266.280)	0
Áhrif skattalegrar stöðu hlutabréfaeignar	(43.196)	0
Aðrir liðir	(79.938)	0
Tekjufærður tekjuskattur	<u>310.485</u>	<u>41.938</u>

Breyting tekjuskattsinnæignar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun færð á rekstur	310.485	41.968
Tekjuskattur af endurmati fastafjármuna	(532.636)	(162.489)
Lækkun skatthlutfalls.....	27.281	
Breyting	<u>(194.870)</u>	<u>(120.521)</u>

Afstemming á virku skatthlutfalli

2008

2007

Hagnaður ársins	(7.232.208)	(191.038)
Tekjuskattur	<u>(310.485)</u>	<u>(41.938)</u>
Hagnaður án tekjuskatts	<u>(7.542.693)</u>	<u>(232.976)</u>

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0%	1.131.404	18,0%	41.938
Breyting á skatthlutfalli í 15% úr 18%	3,5%	(266.280)	0,0%	0
Áhrif breytingar skattalegrar stöðu hlutabréfa	0,6%	(43.196)	0,0%	0
Leiðréttingar fyrra árs	1,1%	(79.938)	0,0%	0
Áhrif hlutdeildarfélagss	5,7%	(431.505)	0,0%	0
Virkur tekjuskattur	(4,1%)	<u>310.485</u>	(18,0%)	<u>41.938</u>

Tekjuskattur færður á eigið fé greinist þannig:

Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	27.281	0
Tekjuskattsáhrif endurmats	(532.636)	(162.489)
Tekjuskattur færður til lækkunar á eigin fé	<u>(505.355)</u>	<u>(162.489)</u>

Hlutdeild í tekjuskatti hlutdeildarfélagss er eftirfarandi:

Tekjuskattur færður á rekstur	497.529	39.449
Tekjuskattur færður á eigið fé	(598.548)	0

13. **Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2007	3.525.561	14.053.060	1.025.701	18.604.322
Viðbætur á tímabilinu	1.460.868	1.839.848	94.519	3.395.235
Endurmat, tekjuvirði	902.714			902.714
Selt og aflagt			(10.367)	(10.367)
Staða 31. desember 2007	5.889.143	15.892.908	1.109.853	22.891.904
Staða 1. janúar 2008	5.889.143	15.892.908	1.109.853	22.891.904
Viðbætur á tímabilinu	26.245	2.313.454	64.649	2.404.348
Endurmat, tekjuvirði		3.550.906		3.550.906
Jöfnun afskrifta vegna endurmats		(1.710.863)		(1.710.863)
Selt og aflagt			(4.109)	(4.109)
Staða 31. desember 2008	5.915.388	20.046.405	1.170.393	27.132.186
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1. janúar 2007	11.710	293.381	40.831	345.922
Afskriftir ársins	47.725	685.645	103.845	837.215
Selt og aflagt			(2.073)	(2.073)
Staða 31. desember 2007	59.435	979.026	142.603	1.181.064
Staða 1. janúar 2008	59.935	979.026	142.603	1.181.564
Afskriftir ársins	103.203	731.837	70.433	905.473
Selt og aflagt			(279)	(279)
Jöfnun afskrifta vegna endurmats		(1.710.863)		(1.710.863)
Staða 31. desember 2008	163.138	0	212.757	375.895
Bókfært verð				
1. janúar 2007	3.513.851	13.759.679	984.870	18.258.400
31. desember 2007 og 1. janúar 2008	5.829.708	14.913.882	967.250	21.710.840
31. desember 2008	5.752.250	20.046.405	957.636	26.756.291
Bókfært verð án endurmats.....	4.831.536	16.495.499	957.636	22.284.671

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 2,4 milljarði króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 5,2 milljarðar króna.

Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2008 og engar eignir veðsettar.

Skýringar, frh.:

14. Hlutdeildarfélag

Hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags var 2.879.698 þús. kr. (178.006 þús. kr. árið 2007) og hlutdeild í endurmati fastafjármuna nam 3.391.775 þús. kr.

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eftirfarandi:

31. desember 2007

	Eignar- hlutur	Bókfært verð	Heildar- eignir	Heildar- skuldir	Tekjur	(Tap)
Landsnet hf.	22,51%	1.122.473	49.300.866	44.314.312	6.963.209	(798.452)

31. desember 2008

Landsnet hf.	22,51%	1.637.550	69.383.505	62.108.740	10.852.711	(12.779.646)
-------------------	--------	-----------	------------	------------	------------	---------------

15. Önnur félög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2008		2007	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Sunnlensk orka ehf.	90,00%	72.000	90,00%	72.000
Héraðsvötn ehf.	50,00%	30.000	50,00%	30.000
Önnur félög		96.628		51.953
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		198.628		153.953

16. **Tekjuskattseign**

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur tekjuskattseign lækkað um 239 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin er færð á árinu 2008, annars vegar 266 millj. kr. til gjalda í rekstrarreikningi og hins vegar 27 millj. kr. til hækkunar á eigin fé vegna liða sem þar voru upphaflega færðir.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila félögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil félagsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding/skatteign vegna eignarhluta í félögum og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Auk þess er ekki færð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps þegar líklegt er talið að það muni nýtast á móti hagnaði af sölu hlutabréfa eða skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Vegna þessa hefur tekjuskattseign lækkað um 43 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin var færð á árinu 2008 til gjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattseign samstæðunnar greinist þannig:	2008	2007
Tekjuskattseign 1. janúar	1.477.191	1.597.742
Áhrif lækkunar skatthlutfalls	(238.999)	0
Áhrif breytingar á skattalegri stöðu hlutabréfa	(43.196)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	619.961	41.938
Tekjuskattur af endurmati færðu á eigið fé	(532.636)	(162.489)
Tekjuskattseign 31. desember	1.282.321	1.477.191

Tekjuskattseign greinist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	17.046	777.132
Viðskiptavild	30.652	44.388
Hlutdeildarfélag	0	37.159
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	6.037
Skuldbinding vegna niðurrifs	79.543	94.077
Afleiðusamningar	138.108	12.828
Yfirfæranlegt tap	1.016.972	505.570
Skatteign 31. desember	1.282.321	1.477.191

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt tap ársins 2006, nýtanlegt til 2016	1.962.539	1.962.539
Yfirfæranlegt tap ársins 2007, nýtanlegt til 2017	1.002.752	846.185
Yfirfæranlegt tap ársins 2008, nýtanlegt til 2018	3.814.508	0
Yfirfæranlegt tap samtals	6.779.799	2.808.724

Skýringar, frh.:

17. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2008	2007
Efnisbirgðir, varahlutir	546.449	552.162

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	1.469.158	1.381.701
Aðrar skammtímakröfur	15.807	11.615
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(66.000)	(61.000)
	1.418.965	1.332.316

19. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar innistæður	83.064	93.429
---------------------------	--------	--------

20. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok og er það óbreytt frá ársbyrjun. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Yfirverðsreikningur

Yfirverðsreikningur samanstendur af innborgðuðu hlutfé umfram nafnverð 1 kr. á hlut.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana til gangvirðis að teknu tilliti til skattáhrifa.

Arður

Félagið greiddi hvorki út arð á árinu 2008 né á árinu 2007

21. Tap á hlut

Grunntap og þynnt tap á hlut:

	2008	2007
Tap til hluthafa móðurfélagsins	(7.231.884)	(191.114)
Vegið meðaltal hlutabréfa:		
Hlutir 1. janúar - 31. desember	5.000.000	5.000.000
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember	5.000.000	5.000.000
Grunntap og þynnt tap á hlut	(1,45)	(0,04)

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 25.

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir til langs tíma		
Óveðtryggð bankalán	6.872.000	4.107.000
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	3.151.000	2.776.000
	<u>10.023.000</u>	<u>6.883.000</u>
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(1.038.000)	(559.000)
	<u>8.985.000</u>	<u>6.324.000</u>
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir	4.495.076	1.830.020
Næsta árs afborgun langtímaskulda	1.038.363	558.994
	<u>5.533.439</u>	<u>2.389.014</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>14.518.439</u>	<u>8.713.014</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um vaxtaáhættu, gengisáhættu og lausafjáraáhættu er að finna í skýringu 25.

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	31.12.2008		31.12.2007	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	2017	3,2%	1.239.190	3,3%	666.021
Skuldir í EUR	2010-2017	5,1%	4.934.228	4,9%	3.011.531
Skuldir í USD	2010-2018	3,7%	698.243	5,6%	429.478
			<u>6.871.661</u>		<u>4.107.030</u>
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2010-2023	4,50%	3.150.636	4,5%	2.775.686
Óverðtryggðar	2008	17,3%	4.495.076	12,1%	1.830.020
			<u>7.645.712</u>		<u>4.605.706</u>
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			<u>14.517.373</u>		<u>8.712.736</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2008	31.12.2007
Árið 2009	1.038.363	562.437
Árið 2010	2.377.517	1.717.934
Árið 2011	944.851	516.967
Árið 2012	787.873	482.417
Árið 2013	792.753	487.520
Síðar	4.080.940	3.115.441
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>10.022.297</u>	<u>6.882.716</u>

Skýringar, frh.:

23. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	2008	2007
Staða 1. janúar	522.651	511.000
Gjaldfært á árinu	(18.436)	(36.444)
Skuldbinding	0	0
Vextir	26.074	48.095
Staða 31. desember	530.289	522.651

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa meðal langtímaskulda. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggðist á núvirðingu á áætluðum niðurrifskostnaði loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af byggingu lína og um endingartíma þeirra. Engin ný loftlína var byggð á árinu 2008.

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2008	2007
Viðskiptaskuldir	857.744	1.075.931
Aðrar skammtímaskuldir	1.155.414	1.323.172
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	2.013.158	2.399.103

25. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap vegna lánsáhattu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.418.965	1.332.316
Handbært fé	83.064	93.429
	1.502.029	1.425.745

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Almennir orkunotendur	1.041.340	864.762
Aðrar viðskiptakröfur	361.818	455.939
Aðrar skammtímakröfur.....	15.807	11.615
	1.418.965	1.332.316

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar, frh.:

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2008		2007	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.010.274		962.658	
Gjaldfallnar kröfur, 0- 30 daga	196.442		190.445	
Gjaldfallnar kröfur, 31-60 daga	49.460	3.300	49.262	3.050
Gjaldfallnar kröfur 61-90 daga	42.094	9.850	38.829	9.150
Gjaldfallnar kröfur 91-120 daga	21.047	8.400	20.999	12.200
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 120 daga	83.841	44.450	58.508	36.600
	<u>1.403.158</u>	<u>66.000</u>	<u>1.320.701</u>	<u>61.000</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2008	2007
Niðurfærsla í upphafi árs	61.000	61.000
Gjaldfærðar kröfur	(36.489)	(24.825)
Niðurfærsla ársins	<u>41.489</u>	<u>24.825</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	<u>66.000</u>	<u>61.000</u>

Lausafjárshætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

31. desember 2008

<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðflæði	Eftir 5 ár			
			Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir 5 ár
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	10.022.297	11.980.899	1.417.235	2.709.762	3.118.077	4.735.825
Viðskiptaskuldir	857.744	857.744	857.744	857.744		
Aðrar skammtíma- skuldir	1.155.414	1.155.414	1.155.414	1.155.414		
Yfirdráttarlán	4.495.076	4.495.076	4.495.076	4.495.076		

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og
vaxtaskiptasamningar:

Útstreymi	(2.242.160)	(2.242.160)	0	(2.242.160)	0	0
Innstreymi	1.321.438	1.321.438	0	1.321.438	0	0
	<u>(920.722)</u>	<u>(920.722)</u>	<u>0</u>	<u>(920.722)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagæringar, frh.:

31. desember 2007

<i>Fjármálagæringar sem ekki eru afleiður</i>	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	6.882.716	8.467.158	881.928	827.766	3.233.267	3.524.597
Viðskiptaskuldir	1.075.930	1.075.930	1.075.930	1.075.930		
Aðrar skammtíma- skuldir	1.323.173	1.323.173	1.323.173	1.323.173	0	0
Yfirdráttarlán	1.830.020	1.830.020	1.830.020	1.830.020	0	0

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og

vaxtaskiptasamningar:

Útstreymi	(1.112.260)	(1.112.260)	0	0	(1.112.260)	0
Innstreymi	1.040.993	1.040.993	0	0	1.040.993	0
	(71.267)	(71.267)	0	0	(71.267)	0

Gjaldmiðlaáhætta

Mögulegt tap vegna gjaldmiðlagengisáhættu

Gjaldmiðlagengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

2008	CHF	EUR	USD
Afleiður	1.176.992	1.065.168	0
Langtímaskuldir	1.239.191	4.934.227	698.243
Áhætta í efnahagsreikningi	2.416.183	5.999.395	698.243
2007	CHF	EUR	USD
Afleiður	555.522	556.738	0
Skuldabréf	666.021	3.011.531	429.478
Áhætta í efnahagsreikningi	1.221.543	3.568.269	429.478

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2008	2007	2008	2007
CHF	80,92	53,34	114,24	55,26
EUR	127,81	87,6	170,44	91,45
USD	88,28	64,17	121,16	62,15

Skýringar, frh.:

25. Fjármálagerningar frh.

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði hækkað (lækkað) afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2007.

	2008	2007
CHF	86.177	43.588
EUR	514.185	306.063
USD	109.551	67.333

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

Fjármálagerningar með fasta vexti

Fjárskuldir	3.150.636	2.775.683
-------------------	-----------	-----------

Fjármálagerningar með fljótandi vexti

	2008	2007
Fjárskuldir	11.366.737	5.937.053

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörssdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörssdegi 31. desember 2008 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 113,7 m.kr (2007: 59,4 m. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breyttur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Skýringar, frh.:

26. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið keypti þjónustu af hlutdeildarfélagi sínu fyrir 1.591 m.kr. á árinu 2008(2007:1.375 m.kr.)

Félagið seldi þjónustu til hlutdeildarfélags síns fyrir 152 m.kr.á árinu 2008 (2007: 221 m. kr.)

27. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

	Eignarhluti	
	2008	2007
Orkusalan ehf.	99,8%	99,8%
Rarik orkuþróun ehf.	100,0%	-

Rarik ohf. stofnaði á árinu dótturfélagið Rarik orkuþróun ehf. og er félagið hluti af samstæðunni frá og með stofndegi. Stofnun félagsins hafði ekki áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar á stofndegi.